



FRÉTTABLAÐIÐ

11. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 18. JANÚAR 2022



Sýnatökuröðin hlykkjaðist eins og sovéska brauðbiðröð í gær frá Suðurlandsbraut og upp Ármúla. Sex prósent þjóðarinnar eru nú annað hvort í sóttkvi eða einangrun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ísland fær nú lokafrest í fiskeldismáli

Framkvæmdastjóri Landverndar segir nýja niðurstöðu Eftirlitsstofnunar ESA-samningsins sýna að umhverfisráðherra hafi tekið þátt í brotum sem fólust í ólögmætum lögum til að koma fiskeldi undan umhverfismati.

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Eftirlitsstofnun EES-samningsins (ESA) veitir Íslandi lokafrest til að lagfæra löggjöf sem sögð er stangast á við Evróputilskipun um umhverfismat.

Fram kom í Fréttablaðinu 17. apríl 2020 að ESA hefði komist að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að beitt hefði verið ólögmætum ákvæðum

í íslenskum lögum og reglugerð er fiskeldisfyrirtækin Fjarðalax og Artic Sea Farm fengu starfsleyfi þótt úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segði starfseminu í bága við lög.

Í nýju áliti segir ESA að Ísland hafi vanrækt að lagfæra löggjöfina og gert brotið alvarlegra og verra. Ráðherrar hafi á ólögmætum hátt fengið vald til að komast afturvirkir fram hjá reglum. Fyrirkomulagið myndi tryggja að umhverfismat yrði undantekning en ekki regla. Fær Ísland þriggja mánaða frest til að bæta úr göllum áður en ESA hefur undirbúning að málarekstri.

„Niðurstaða ESA staðfestir að lagabreytingarnar grafa undan allri löggjöf og ferlum tengdum



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

umhverfismati,” segir Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar.

„Niðurstaðan staðfestir einnig að síðasta ríkisstjórn undir forystu Vinstri grænna braut gegn tveimur af mikilvægustu þáttum umhverfislöggjafarinnar: aðkomu almenninga að ákvörðunum í umhverfisverndarmálum og skyldu um umhverfis-

mat vegna framkvæmda sem varða umhverfið,” segir Auður. Ísland verði að draga lagabreytingarnar frá 2018 til baka.

Auður gagnrýnir sérstaklega framgöngu forvera síns í stóli framkvæmdastjóra Landverndar, Guðmundar Inga Guðbrandssonar, í hlutverki umhverfisráðherra.

„Jafnframt staðfestir niðurstaða ESA að umhverfisráðherra VG tók þátt í brotnum og lét hjá liða að leiðrétta þau þrátt fyrir að vera einn helsti sérfræðingur landsins þegar kemur að mikilvægi þess að almenningur taki þátt í ákvörðunum opinberra aðila sem varða umhverfið. ESA átelur hann sérstaklega í bréfi sínu vegna þessa,” segir framkvæmdastjóri Landverndar. ■

Dómstólar verði að sæta eftirliti

DÓMSMÁL Ragnhildur Eik Árnadóttir hefði ekki getað verið viðstödd aðalmeðferð í máli manns sem ákærður er fyrir kynferðisbrot gegn henni, hefði hún farið fram á að þinghald í málinu yrði lokað eins og meginreglan er í kynferðisbrotamálum á Íslandi.

„Jafnvel þótt það væri þægilegra fyrir mig að það væru ekki fleiri í salnum, þá finnst mér ekki nægileg samfélagsleg rök fyrir því að loka þinghaldinu,” segir Ragnhildur.

Hún segir að eftirlit almenninga og fjölmiðla með dómstólum sé mikilvægt, ekki síst í kynferðisbrotamálum. Í lokuðum þinghöldum skorti eftirlit og enginn viti hvað gerist bak við luktur dyr. **SJÁ SÍÐU 6**

Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx

VW ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

HEKLA • Sími 590 5000 • Laugavegur 170

Komdu og prófaðu!



77 prósent landsmanna eru fullbólusett. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvatt til að skrá erlenda bólusetningu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Fólk sem hefur verið bólusett gegn Covid-19 erlendis en er búsett hér á landi er hvatt til að skrá bólusetninguna formlega í íslensk kerfi hafi það ekki gert það. Þetta kemur fram á vef Embættis landlæknis.

Erlendar bólusetningar er hægt að skrá hjá heilsugæslunni. Bóluefnin þurfa að vera viðurkennd af Lyfjastofnun. Á Íslandi eru bóluefni frá Pfizer, Moderna, Janssen og Astra-Zeneca viðurkennd.

77 prósent landsmanna eru fullbólusett samkvæmt upplýsingum á covid.is, það eru 285.125 einstaklingar.

Þegar einungis er litið til þeirra sem eru tólf ára og eldri er hlutfallið 91 prósent. ■

Tíðindalaust á austurvígstöðvunum



Úkraínskir hermenn slógu á létta strengi í skotgröfunum í austurhluta landsins þó að spennan sé mikil. Handan landamæranna bíða Rússar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tíu þúsund tekjulágir fá þak yfir höfuðið

bth@frettabladid.is

HÚSNÆÐI Um áramót höfðu ríflega þúsund hagkvæmar leiguíbúðir verið teknar í notkun samkvæmt nýju kerfi. Tvö þúsund til viðbótar eru í byggingu.

Alls hefur 18 milljörðum króna verið útdeilt í bein stofnframlög vegna bygginga eða kaupa á 2.981 íbúð á síðastliðnum fimm árum.

Hermann Jónasson, forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, telur þetta jákvæða breytingu í húsnæðismálum tekjulágra. „Við erum að tala um 93 milljarða fjárfestingu í húsnæðiskerfi sem var ekki til á Íslandi áður,“ segir hann.

Þegar allar íbúðir verða komnar í notkun hafa hátt í tíu þúsund

”

Við erum að tala um 93 milljarða fjárfestingu í húsnæðiskerfi sem var ekki til á Íslandi áður.

Hermann Jónasson, forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Íslendingar fengið þak yfir höfuðið, sem áður áttu ekki rétt á félagslegu leiguhúsnæði. Þeir voru að sögn Hermanns áður að verja um og yfir helmingi ráðstöfunartekna sinna í leigu. ■

Íslenska stuðningshrópið mun heyrast í Búdapest

Íslenska landsliðið í handbolta mætir heimamönnum í Ungverjalandi í lokaleik riðlakeppninnar á EM í dag klukkan 17. Nokkur hundruð Íslendingar eru í Búdapest og ætla að gera sitt til að öskra liðið áfram en um 20 þúsund manns komast í MVM Domehöllina þar sem leikurinn fer fram.

benediktboas@frettablaiddid.is

ÍPRÓTTIR „Við verðum trúlega um 500 gegn 20 þúsund heimamönnum. Það verður við ramman reip að draga og mögulega þurfum við að öskra enn herra og enn meira til að hvetja strákana okkar áfram,“ segir Ása Birna Ísfjörð sem er ein af nokkur hundruð Íslendingum sem sitja á pöllunum í Búdapest að öskra íslenska liðið áfram á EM í handbolta.

Eðlilega var rödd hennar örlítið hás eftir öskrin í stúkunni gegn Hollandi en hún og Gunnhildur Stefánsdóttir voru engu að síður komnar niður í morgunmat þegar Fréttablaðið sló á þráðinn. Voru rétt svo að jafna sig. „Ég var eiginlega lögst í gólfði undir lokin, það var svo mikil spennan,“ segir Ása og hlær.

Íslenska liðið leikur í dag sinn síðasta leik í riðlinum en hann er enn galopinn. Okkar menn eru efstir með fjögur stig en heimamenn og Hollendingar eru með tvö stig.

Íslenska liðinu nægir jafntefli til að vinna riðilinn og fara í milliriðil en sigur er auðvitað besta niðurstaðan. Þá fer Ísland í milliriðil með tvö stig.

Handbolti er ekki einföld íþrótt því ef strákarnir okkar tapa með tveimur mörkum eða fleirum verður íslenska þjóðin að treysta á að stigalausir Portúgalar taki stig af Hollandi. Annars er liðið úr leik.



Það verður við ramman reip að draga í dag þegar um 500 Íslendingar munu reyna að hvetja strákana okkar áfram gegn 20 þúsund heimamönnum í Búdapest. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fjórar flottar. Sigríður, Ása Birna, Sirrý Halla og Gunnhildur. MYND/ADSEND

Ása og Gunnhildur segja stemninguna meðal Íslendinga í Búdapest vera magnaða. Stuðningsmanna-sveitin Sérsvéitin haldi uppi stuðnu fyrir og eftir leiki á Champs-barnum þar sem íslensk lög eru kyrjuð með hjálp söngvatns og víns. „Þessi Hollandsleikur var svakalegur að vera á. Það voru allir vel giraðir fyrir hann en þessi spennan var mér nánast um megn,“ segir Gunnhildur sem fór á viðureign Ungverja og Portúgala og

upplifði stuðið í MVM Dome þar sem 20 þúsund Ungverjar hvetja sína menn áfram. „Eftir leikinn voru alveg opnaðar nokkrar kampavinsflöskur,“ segir Ása.

Til að halda röddinni góðri fyrir átökin í dag ætluðu þær stöllur að slaka aðeins á, borða vel og skella sér svo í vinsmökkunarferð. „Við þurfum að laga röddina í vinsmökkunarferðinni því sennilega töpum við alveg röddinni gegn þessum fjölda,“ segir Ása.

Strákarnir okkar hafa minnst á stuðninginn og segir Gunnhildur að Ýmir Örn Gíslason hafi gefið sér aukakraft til að hvetja þegar staðan var orðin erfið gegn Hollandi. „Þegar Ýmir fór að hvetja okkur áfram og þakka fyrir stuðninginn. Það gaf okkur rosalegt kikk. Það var eiginlega hápunkturinn í leiknum. Það var alveg frábært.

Ýmir er æðislegur og frábært að sjá hann og alla hina koma til okkar og þakka fyrir stuðninginn,“ segja þær nánast í kór. ■

Hei!

Rófa sig aðeins

Pú færð rófustöppuna á þorrabakkann tilbúna í dós í næstu verslun

Sölufélag gardyrkjumanna

íslensk rófustappa

200g

Sölufélag gardyrkjumanna

íslensk rófustappa

200g



ÓUMDEILDUR

TOYOTA YARIS HYBRID



TOYOTA – MEST SELDA
BÍFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI

32
ÁR Í RÖÐ

Yaris verð frá: 3.540.000 kr.
Yaris Hybrid verð frá: 3.850.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Funduðu vegna titrings í meirihlutasamstarfi í Norðurþingi

bth@frettabladid.is

NORDURÞING Titringur er innan sveitarstjórnar Norðurþings eftir að félagar í VG og óháðum létu bóka fyrir helgi að þeir lýstu áhyggjum af gangi mála í sveitarstjórn Norðurþings.

Sérstaklega var sett út á forgangs-röðun við verkstjórn sveitarstjóra, Kristjáns Þórs Magnússonar, sem sneri nýverið aftur til starfa eftir veikindaleyfi. Sérstakur fundur fór fram í meirihlutanum vegna máls-

ins í fyrradag. Meirihlutann skipa Sjálfstæðisflokkurinn með þrjá fulltrúa, VG með einn fulltrúa og Samfylking með einn fulltrúa.

„Ég hefði kosið hreinskiptnari samskipti með kjörnum fulltrúum og nefndarfólki samstarfsflokks okkar,“ segir Kristján Þór um væringarnar.

Hann segir útspil VG mjög sérstakt. „En það er heldur ekkert nýtt að bakland VG sé ósátt með forystu Sjálfstæðisflokksins.“

Sérstakur fundur fór fram hjá



Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

meirihlutanum í gær vegna gagnrýni VG. Sá fundur var að mestu jákvæður að sögn sveitarstjóra. „Ég hef þá trú að við munum klára



Ég hefði kosið hreinskiptnari samskipti með kjörnum fulltrúum og nefndarfólki samstarfsflokks okkar.

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

þetta kjörtímabil með sóma.“

Framsóknarflokkurinn á þrjá menn af fjórum í minnihlutanum í Norðurþingi. Hjálmar Bogi Hafliðason, oddviti Framsóknarmanna, segir að yfirlýsing VG hafi komið Framsóknarmönnum á óvart og hitti þá sjálfa fyrir.

„Ég álit að þessi gagnrýni VG sé gagnrýni þeirra á sig sjálf,“ segir Hjálmar Bogi. „Ef vandamál eru í samstarfi ættu menn að byrja á að ræða þau vandamál innan samstarfsins,“ segir Hjálmar Bogi. ■



Flugið er milli Kúbu og Bandaríkjananna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Icelandair fær leyfi til Kúbuflugs

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUMÁL Loftleiðir, dótturfélag Icelandair, hefur fengið leyfi frá bandarísku samgöngustofnuninni, DOT, fyrir leiguflugi milli þriggja borga í Bandaríkjunum og Kúbu. Nokkur bandarísk flugfélög höfðu mótmælt leyfisveitingunni og sakað Icelandair um tækifærismennsku.



Þrjú bandarísk flugfélög og eitt stéttarfélag mótmæltu leyfinu.

Um er að ræða 170 ferðir fram og til baka milli Miami á Flórída og höfuðborgarinnar Havana. Einnig 17 slíkar ferðir milli Havana og Orlando annars vegar og Houston hins vegar. Ferðirnar verða farnar fram til 31. maí næstkomandi.

Flugfélögin iAero Airways, GLOBALX og World Atlantic Airlines mótmæltu öll fluginu og sögðu það grafa undan bandarískum flugfélögum. ALPA, samtök bandarískra flugmanna, gerðu einnig athugasemdir við Kúbuflug Loftleida. DOT tók hins vegar að fullu undir sjónarmið Icelandair í deilunni. ■

Telur að tugir tonna af blýi eitri fyrir fuglum og fiskum í Kollafirðinum

Landeigendur á Álfsnesi við Kollafjörð hafa lengi barist fyrir því að skotsvæðið á staðnum verði flutt, enda hafi þar safnast tugir tonna af eitruðu blýi á síðustu áratugum.

ser@frettabladid.is

DÝRAVERND Guðmundur Lárusson, tannlæknir og einn landeigenda á Álfsnesi við sunnanverðan Kollafjörð, segir það ekkert minna en reginhneyksli að borgaryfirvöld hafi ítrekað framlengt starfsleyfi fyrir skotvelli á svæðinu, þvert á skipulagsreglur, en fullvíst megi telja að dýralíf á svæðinu hafi beðið stórtjón af vegna blýhagla sem hafi hrannast upp í flæðarmálinu í Kollafirði.

Skotvelli hafa verið starfræktir á Álfsnesi í vel á annan áratug á vegum Skotfélags Reykjavíkur og félagsins Skotreyn og segir Guðmundur að hávaðinn frá þeim hafi valdið íbúum á Kjalarnesi miklum óþægindum, enda hafi topparnir mælst langt yfir heilsuspillandi mörkum, að því er lesa má af tölum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. „Samt er ekkert gert, árum saman,“ segir hann, þótt svo „ekki liggi einu sinni fyrir samþykkt deiliskipulag um not skotfélaganna af svæðinu.“

Hvergi sé hins vegar minnst á blýmengun í sjónum og fjörunni við Álfsnes í skýrslu eftirlitsins, hvað þá hvernig eigi að fjarlægja alla þá blýmengun sem þar hafi orðið á síðustu árum, en út frá skýrslum skotfélaganna megi áætla að minnst 40 tonn af blýi liggi í og við fjöruna á Álfsnesi, en líklega miklu meira, „hátt í 100 tonn



Guðmundur Lárusson segir mengunarstefnu borgaryfirvalda í Kollafirði vera þeim til skammar, en fjölskylda hans á einkalóð á Álfsnesi og má sín lítils, að hans sögn, gegn byssuglöðum nágrönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Blýhöglin bönnuð

„Við höfum bannað notkun blýhagla frá og með nýliðnum áramótum,“ segir Guðmundur Kr. Gíslason, framkvæmdastjóri Skotfélags Reykjavíkur. Spurður um staðsetningu skotvallanna svo nálægt íbúðabyggð segir hann skotmenn vilja vera í sátt við nágranna sína. „Það eru til ákjósanlegri svæði fyrir þetta.“

er jafnvel líklegra,“ heldur Guðmundur fram.

Hann segir Evrópusambandið áætla að um ein milljón fugla drepist ár hvert af blýeitrun þegar þeir ruglast á blýhöglum og litlum steinum sem þeir borða til að laga melt-inguna, en dauðdaginn af völdum blýsins sé talinn afar kvalafullur.

„Svo bera skotmennirnir í bæti-fláka og segjast aðallega nota stálhögl, en það er rangt. Skýrsla heilbrigðiseftirlitsins sýnir hlutfall stálhagla vera 53 prósent á móti 47 prósentum blýhagla en þau síðar-

nefndu eru, vel að merkja, bönnuð í náttúrunni.“

Guðmundur segir þessa mengunarstefnu og dýranið í boði borgarinnar vera henni til skammar. Hvergi á öðrum Norðurlöndum séu skotsvæði leyfð við votlendi vegna dýraverndarsjónarmiða. Hér heima óttist menn aftur á móti að missa atkvæði á kosningaári, verði hróflað við skotvöllunum.

Ekki bæti heldur úr skák að löggan noti skotsvæðin til æfinga, svo að landeigendur eigi sér öfluga mót-herja í málinu, gráa fyrir járnum. ■

ALVÖRU BREYTTIR RAFBÍLAR

JEEP WRANGLER RUBICON PLUG-IN HYBRID



5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐU

PLUG-IN HYBRID

35" BREYTING

40" BREYTING

KOMDU OG REYNSLUAKTU 40" BREYTTUM PRUFUAKSTURSBÍL

 **ISBAND**

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep | 



PARKET - FLÍSAR - HURÐIR

VETRAR ÚTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.590** KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ **3.890** KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

VÍNYLPARKET

VERÐ FRÁ **4.290** KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAR

30x60 cm hvítar veggflísar VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²

60x60 cm vegg- og gólfplísar VERÐ FRÁ **4.290** KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HVÍT HURÐ VERÐ FRÁ **39.990** KR.

20% afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir hurðir

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM
FYRIR PARKET OG FLÍSAR

Birgisson®



Það sem af er þessu ári hafa verið framleidd tæplega sjö milljón hjól í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fleiri hjól en bílar eru framleidd

birnadrofn@frettabladid.is

IDNADUR Það sem af er ári hafa verið framleidd rúmlega þremur milljón-um fleiri hjól en bílar í heiminum. Samkvæmt vefsíðunni Worldometer sem haldið er úti af alþjóðlegu teymi hönnuða, vísindamanna og sjálfbodaliða, hafa verið framleiddar tæplega sjö milljónir hjóla á þessu ári en rúmlega 3,7 milljónir bíla.

Þá hafa á þessu árið verið búnar til um ellefu milljónir tölva og í gær seldust á einum degi yfir fjórar milljónir farsíma. ■



Rúmlega þrjú prósent af íbúum Reykjanesbæjar eru í einangrun.

Nærri tíu þúsund nú í einangrun

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Í gær voru sex prósent þjóðarinnar í einangrun eða sóttkvi vegna Covid-19. Rétt rúmlega tólf þúsund manns voru í sóttkvi og 9.664 voru í einangrun.

Hlutfall þeirra sem eru í einangrun miðað við íbúafjölda er hæst á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, þar sem rúmlega þrjú prósent íbúa eru í einangrun á hvorum stað. Á Suðurlandi eru 674 einstaklingar í einangrun, eða rúmlega 2 prósent íbúa á svæðinu.

Á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og vestra og á Austurlandi er hlutfall íbúa í einangrun undir einu prósent. ■

Telur að áburðarverksmiðja myndi stórauka losun

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Mér list illa á hugmyndir um að endurvekja framleiðslu á áburði innanlands. Ég held að svoleiðis verksmiðja myndi auka losun gróðurhúsalofttegunda töluvert,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. Bændur vilja endurreisa áburðarframleiðslu innanlands eins og

Fréttablaðið fjallaði um á föstudag. Árni bendir á að þegar áburðarverksmiðjan í Gufunesi var lögð niður hafi orðið jákvæð umhverfisáhrif af minni losun.

„Ég held að svona verksmiðja myndi ekki falla undir stóriðju, hluta af samevrópska ETS-kerfinu, heldur myndi losunin lenda á Íslandi. Það yrði töluvert álag fyrir loftslagsstefnu Íslands,“ segir Árni.



Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

Einnig megi spyrja hvort einka- aðilar myndu fjárfesta í verksmiðjunni eða hvort bændur vænti þess að ríkið borgi brúsann. „Þetta yrðu dýr störf og ekki mörg. Ég held þetta sé ekki raunhæf hugmynd. Varla eru bændur sjálfir að fara að borga fyrir svona verksmiðju, að ekki sé talað um hin neikvæðu umhverfisáhrif,“ segir Árni. ■

Lokunin geti viðhaldið skömminni

Brotapoli í kynferðisbrotamáli segir aðhald á dómstólana mikilvægt, ekki síst í kynferðisbrotamálum. Brotapolar eigi auk þess minni rétt þegar þinghald er lokað.

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Lokað þinghald er alger meginregla í kynferðisbrotamálum hér á landi. Tvær undantekningar hafa orðið á þessu nú, með frekar stuttu millibili. Brotapolinn í öðru þessara mála, Ragnhildur Eik Árnadóttir, segist hafa þurft að láta taka það sérstaklega fram fyrir sína hönd að hún óskaði ekki eftir því að þinghald yrði lokað.

„Nú hafði ég sjálf svo sem rætt mitt mál í fjölmiðlum, en aðallega vildi ég gjarnan vera viðstödd málið en ég hefði ekki fengið þann rétt ef þinghaldið hefði verið lokað. Það er þess vegna sem ég fór fram á að þinghaldið væri opið,“ segir hún.

Ragnhildur segist ekki viss um hver afstaða hennar hefði verið, hefði hún haft einhvern annan möguleika til að vera viðstödd aðalmeðferðina.

Þar sem brotapoli telst ekki aðili sakamáls gegn meintum geranda hefur brotapoli ekki frekari réttindi varðandi málið en hver annar almennur borgari. Brotapoli hefur til dæmis ekki rétt til aðgangs að gögnum um málið og ef þinghald er lokað mætir brotapoli í dómstól til að gefa skýrslu en hefur ekki rétt að öðru leyti til að vera viðstaddur réttarhöldin.

Á síðasta kjörtímabili var lagt fram frumvarp sem ætlað var að bæta réttarstöðu brotþola en það náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er á þingmálaskrá nýs ráðherra og stefnt er að framlagningu þess nú á vorþingi.

Fleira hangir hins vegar á spýtni, í huga Ragnhildar, en aðeins hennar réttur sem brotþola til að vera viðstödd.



Ragnhildur Eik Árnadóttir

„Jafnvel þótt það væri þægilegra fyrir mig að það væru ekki fleiri í salnum, þá finnst mér ekki nægileg samfélagsleg rök fyrir því að loka þinghaldinu í mínu máli,“ segir Ragnhildur.

„Það skiptir máli fyrir samfélagið að almenningur hafi eftirlit með dómstólum, þar á meðal fjölmiðlar. Þegar málsmeðferð er lokað algjörlega í heilum málaflökki þá erum við búin að fjarlægja allt eftirlit almennings með þeim málaflökki,“ segir hún og skýrir mál sitt betur:

„Kynferðisbrotamál hafa verið mikið í umræðunni og kannski núna kominn tími á að eitthvað geti farið að breytast til batnaðar í

þeim málum. Á meðan þinghöld eru lokað getur þó enginn haft eftirlit með dómstólunum í þessum málum og enginn veit hvað gerist bak við þessar luktur dyr. Ég held þess vegna að það sé til bóta að fjölmiðlar geti fylgst betur með þessum málum og komist þannig betur inn í þennan málaflökk.“

Aðspurð segir Ragnhildur ekki ólíklegt að lokað þinghöld hafi mögulega viðhaldið almennri skömm brotþola og óskir þeirra um opið þinghald geti verið leið til að skila skömminni.

„Þegar ég var að taka ákvörðun um þetta, meðvitund um að ég gæti ekki bannað fjölmiðlum að hlusta á það sem ég segði, þá kom einmitt upp þessi hugsun: Af hverju á ég að skammast mín fyrir eitthvað sem ég varð ekki þess valdandi að kom fyrir mig? Auk þess sem það er auðveldara að koma fram núna heldur en það var áður,“ segir Ragnhildur og bætir við: „Það var náttúrulega allt þaggað niður hér áður og ekki mjög

ólíklegt, og áhugaverð kenning að íhuga, hvort þessi sjálfkrafa lokun í þessum málum hafi hreinlega viðhaldið þeirri skömm sem virðist loða við kynferðisafbrotamál.“

Ragnhildur starfar sem lögmaður í Danmörku og þessi algera regla um lokað þinghald hér kemur henni undarlega fyrir sjónir. „Þetta myndi ekki teljast heimilt í Danmörku, þar þarf að taka afstöðu í hvert skipti, sem er þó að sjálfsögðu stundum gert ef brotapoli fer fram á það og það eru haldbær rök fyrir því,“ segir Ragnhildur.

Séu rök fyrir lokaðu þinghaldi sé fyrst kannað hvort nægilegt sé að loka bara akveðnum hluta, til dæmis þegar brotapoli gefur skýrslu. Þá sé einnig til að mælt sé fyrir um nafnleynd, jafnvel þótt þinghaldið sé formlega opið.

„Aðalatriðið er að þar er litið á lokað þinghald sem undantekningarreglu. En hún virðist vera alger meginregla í þessum málaflökki hér.“ ■

Þinghald var opið í nauðgunarmáli í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



**brrrilljant
þvottaefni fyrir
KALDAN
ÞVOTT**

Gætið þess að börn nái ekki í vöruna. www.msb.is



BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Pössum sóttvarnir
Afgreiðsla beint í bílinn

Öruggt, fljótlegt og afar þægilegt
- Renndu við



9-22
OPIÐ ALLA DAGA

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF
Opið virka daga 9.00 - 18.00

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG
Opið alla daga 9.00 - 22.00

Það vantar plan



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Flestir vinnustaðir eru hálfþómir um þessar mundir. Tvö ár eru liðin frá því að Covid-faraldurinn hófst. Engan óraði fyrir þessu. Fólk er annað hvort heima í sóttkví eða einangrun, sjálft eða með börn sín. Sumum fyrirtækjum er einfaldlega gert að loka, samkvæmt nýjustu sóttvarnaaðgerðum. Sem betur fer hefur ríkis-sjóður verið í stakk búinn til þess að hlaupa undir bagga, en hann hefur ekki endalaust bol-magn til þess að bjarga málum. Ef þjóðfélagið heldur áfram að hálfslamast hvað eftir annað vegna Covid mun það hafa alvarlegri og djúp-stæðari áhrif.

Eftir tveggja ára nánast linnulausa baráttu við að halda þjóðfélaginu gangandi þrátt fyrir Covid, er farið að reyna á þolrifin. Þríeykið góða er þó óþreytandi í að telja kjark í þjóðina. Stöndum saman, gætum að persónulegum sóttvörnum, gerum allt sem við getum til að forðast óværuna! En atvinnulífið er hart keyrt, skólakerfið sömuleiðis, svo ekki sé talað um heilbrigðiskerfið.

Í lyfjageiranum er mönnum orðið ljóst að þau bóluefni sem við höfum þróað gegn veirunni duga ekki til frambúðar þrátt fyrir örvunar-skammtana vegna þess að ný afbrigði koma stöðugt fram af veirunni og áhrif bóluefnanna dvína með tímanum. Við þurfum bóluefni með aðra eiginleika til þess að hafa roð við veirunni því að hún bregður sér stöðugt í ný gervi. Gömlu bóluefnin draga þó mikið úr veikindum, sem betur fer, en ný afbrigði gætu komið fram sem hegða sér öðruvísi. Auðvitað óskum við þess heitt að veiran veiklist og deyi út.

En hver á framtíðarstefna að vera ef veiran lætur ekki undan? Hvernig eigum við að haga lífi okkar til þess að sem minnstur skaði verði á gangverki samfélagsins, á líkamlegri og andlegri heilsu, á börnum okkar og ungmennum sem nú fara á mis við marga hluti, til dæmis félagslíf sem þótt hefur sjálfsagt öllu ungu fólki til að þroskast og dafna, svo fátt eitt sé talið.

Það þarf að skoða stöðuna alveg upp á nýtt, með langtímasjónarmið í huga. Vísindamenn, læknar og hjúkrunarfólk, stjórnmalamenn, forystumenn í atvinnulífinu og skólamálum verða að setjast niður strax og hefja samtal og búa til áætlun þar sem horft er lengra en tvær til þrjá vikur fram í tímann. Áætlun sem gerir ráð fyrir hinum ýmsu sviðsmyndum að framtíð með Covid. Aðgerðaáætlun um hvernig við komum í veg fyrir meira tjón á samfélagi okkar þegar til lengri tíma er lítið. Að biða og sjá hvað setur er ekki ásættanlegt plan lengur. ■

„Það þarf að skoða stöðuna alveg upp á nýtt, með langtímasjónarmið í huga.“

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

Strákarnir okkar

Skyndilegt handboltaæði hefur gripið landann. Aftur er farið að tala um landsliðið sem „strákana okkar“. Enda náðu þeir að vinna sjálfa Hollendinga á stórmóti. Nú sitja landsmenn við viðtækin og þykjast aldrei hafa misst áhugann og þekkja alla leikmennina. Hið rétta er að um árábil skyggði árangur fót-boltrastrákanna svo á handbolta-strákana að enginn vildi vita af þeim. Þeir voru ekki lengur strákarnir okkar, heldur óhreinu börnin hennar Evu. Meira að segja körfuboltrastrákarnir þóttu merkilegri. Svo kom reyndar í ljós að fótboltrastrákarnir eru dónastrákar og við tölum ekki um þá.

Nýjar hetjur

Talandi um Íslendinga með líkamlega yfirburði. Í gær gripu nokkrar austfirskar kindur og einn hraustlegur frændi þeirra fyrirsagnir fjölmiðlanna. Enda loks komið fram sauðfé sem hrindir af sér riðuveiki. Varð þetta sauðfé að hetjum á einni nóttu, enda þurfum við á hetjum að halda þessi misserin. Athygli vakti að tvær kindanna eru nefndar eftir ráðherrum, Katrínu forsætisráðherra og Svandísi sem hefur verið landbúnaðar-ráðherra í nokkrar vikur. Kristján Þór, fráfarandi ráðherra, fékk engan hrút nefndan eftir sér. ■

Áfram nýja Reykjavík



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar

Það eru spennandi tímar í Reykjavík. Borgin er að breytast úr frekar strjáltri byggð, með miklum vegalengdum, í þetta og mannvæna borg þar sem stutt er í alla þjónustu. Þar sem áður voru endalaus bílaplön, úr sér gengnar atvinnulóðir og veghelgunarsvæði rísa núna þúsundir íbúða, falleg torg og nytsamleg útisvæði. Þetta er nýja Reykjavík. Ný hámarkshraða-áætlun hefur verið samþykkt og það hefur átt sér stað sannkölluð bylting í gerð hjólastiga. Undirbúningur Borgarlínunnar er á fullri ferð. Stefnan er að gera Reykjavík að borg þar sem vistvænar samgöngur eru á heimsmeðalvarða.

Klárur Borgarlínuna

Heimurinn er á krossgötum. Loftslagsvandinn gefur engin grið. Sú vistvæna leið sem við fetum í borginni, það er eina vitræna leiðin. Við þurfum að taka enn stærri skref næstu árin. Borgarlínan er liður í því. Hraðvagnakerfi Borgarlínunnar verður mjög afkastamikill þegar kemur að því að flytja mikinn fjölda fólks á skömmum tíma í og úr vinnu og skóla. Mengunin snarminnkar. Klárur Borgarlínuna og sköpum fleiri góð íbúðarhverfi á illa nýttum svæðum.

List og menning í Reykjavík 2030

Ný og framsækin menningarstefna var samþykkt í borgarstjórn um daginn, „List og menning í Reykjavík 2030“. Við ætlum að gera Reykjavík að frábærri borg til að skapa listir og njóta þeirra. Fyrir dyrum standa metnaðarfullar áætlanir um að breyta Hafnarhúsinu í hús myndlistar þar sem safn Nínu Tryggvadóttur verður meðal annars til sýnis. Einnig stendur til að breyta höfuðstöðvum Borgarbókasafnsins í Grófinni þannig að það verði meiri menningarmiðstöð og samkomuhús, líkt og hefur verið að gerast í framsæknum bókasöfnum í hinum norrænu ríkjum.

Við viljum umfram allt tryggja að nýja Reykjavík sé skemmtileg og falleg borg, þar sem lögð er áhersla á velferð, á jöfnuð og á góða þjónustu við alla borgarbúa, frá bernsku til efri ára. ■

„Við viljum umfram allt tryggja að nýja Reykjavík sé skemmtileg og falleg borg.“

Árni Tómas Ragnarsson gigtlæknir

flytur læknastofu sína í Austurstræti 4

Ég hef flutt læknastofu mína úr Domus Medica í Austurstræti 4, 2. hæð, sem er á horni Austurstrætis og Ingólfsstorgs, (hús Thorvaldsensfélagsins). Gengið inn frá torginu.

Tímapantanir og skilaboð eru í síma 893 9232, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 9 - 11.



Skóflustunga að framtíðinni



Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri á Akureyri

Í byrjun árs var staðfest að íbúum Akureyrarbæjar fjölgaði um 416 eða 2,2% árið 2021 sem er umfram landsmeðaltal. Fáeinum dögum síðar var tekin fyrsta skóflustunga að nýju 700-800 manna hverfi sem hlotið hefur nafnið Holtahverfi og á sama tíma er verið að skipuleggja

annað nýtt hverfi, Móahverfi, þar sem verða hátt í 1.000 nýjar íbúðir. Gera má ráð fyrir að um 3.000 manns geti sest að í þessum tveimur nýju hverfum og búið sér heimili. Bæjarbragurinn á Akureyri um þessar mundir er til marks um óbíl- andi bjartsýni og mikla trú fólks á framtíð sveitarfélagsins. Segja má að hér endurspeglst sú þróun sem átt hefur sér stað á suðvesturhorni landsins þótt vöxturinn sé smærri í sniðum. Akureyri er langfjölmenn- asta þéttbýlið utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar og vöxtur og viðgangur bæjarins smitar út frá sér, líkt og vöxtur Reykjavíkur gerir. Þannig hefur orðið veruleg

fjölgun í þeim sveitarfélögum sem liggja næst Akureyri. Árið 2021 fjölgaði til að mynda um 50 manns í Hörgársveit (7,7%), 21 í Eyjafjarðarsveit (1,9%) og 8 í Sval- barsstrandarhreppi (1,8%). Nýir íbúar þessara sveitarfélaga sækja þjónustu til Akureyrar þar sem öll grunngerð samfélagsins er eins og best verður á kosið. Smám saman verður hér til kraftmikið þéttbýlis- svæði umhverfis svæðisborgina Akureyri við Eyjafjörð.

Blómlegt menningarlíf

Þótt árið 2021 hafi að ýmsu leyti verið okkur öllum þungt í skauti vegna þráláts heimsfaraldurs þá

hefur ýmsu verið áorkað hér á Akureyri og bæjaryfirvöld hafa látið hendur standa fram úr ermum. Á síðasta ári opnuðum við glæsi- legan nýjan leikskóla, Klappir við Glerárskóla, lokið var við fyrri hluta umfangsmikilla endurbóta á Lundarskóla, byrjað var að skrá eins árs börn í leikskóla, við tókum í notkun nýtt aðstöðuhús siglinga- klúbbsins Nökkva, lögðum ljós- leiðara yfir sundið til Hríseyjar, og skipulögðum nýju hverfin sem áður er getið. Hér eru aðeins nefnd nokkur atriði sem þó varpa skýru ljósi á þann mikla kraft sem býr í sveitarfélaginu okkar. Akureyri er gott samfélag sem

gerir fólki kleift að þroska hæfi- leika sína og ná skrefinu lengra. Hér er stutt á milli staða og fólk hefur nægan tíma til að njóta alls þess sem í boði er. Menningarlífið er blómlegt og íþróttafólkið okkar nær aðáunarverðum árangri á ýmsum sviðum, enda aðstaða til íþróttaiðkunar til fyrirmyndar og fram undan umtalsverð uppbygg- ing á því sviði. Bærinn stakkar og íbúum fjölgar. Fasteignir seljast hratt og fyrirtækjum vex fiskur um hrygg og þeim fjölgar. Að öllu samanlögðu hlýtur umtalsverð fjölgun íbúa á Akureyri að vera til vitnis um að hér er gott að vera og hér vill fólk búa. ■



Forvarnir gegn áreitni á vinnustað



Svava Jónsdóttir
sviðsstjóri heilsu- og umhverfisviðs hjá Vinnueftir- litinu

Áskoranirnar í vinnuumhverfinu eru margar og ein af þeim er félags- lega vinnuumhverfið sem er undir- staða góðrar vinnustaðamenningar þar sem fólki liður vel og er öruggt í starfi.

Félagslegt vinnuumhverfi felur í sér þá skipulagslegu og samskipta- legu þætti í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á upplifun starfsfólks og eiga þátt í því að móta menningu vinnustaða. Þetta eru þeir þættir sem stjórnendur og starfsfólk geta haft áhrif á í þeim tilgangi að stuðla að öryggi, heilsu og velliðan allra á vinnustaðnum.

Ábyrgð á góðu vinnuumhverfi liggur á herðum atvinnurekenda en samstarf og samvinna við stjórn- endur og starfsfólk er forsenda þess að vel takist til að skapa eftirsóknar- verða menningu. Stjórnendum ber að gera áhættumat og forvarnaráætl- un sem tekur m.a. mið af félagslega vinnuumhverfinu þar sem samskipti og liðan fólks eru metin og áhersla er á að hvers kyns áreitni eða ofbeldi á vinnustað sé ekki látið viðgangast.

Fram hefur komið í íslenskum rannsóknum að um 80% stjórnenda hafa farið í vinnu við að móta stefnu um aðgerðir gegn áreitni, einelti og ofbeldi á vinnustöðum en í annarri könnun kemur fram að einungis um 40% starfsfólks kannast við að slík stefna sé til á vinnustöðum. Hér er því greinilega verk að vinna.

Stefna og viðbragðsáætlun
Markviss leið í að fyrirbyggja

Liður í forvörnum er að hafa reglulega fræðslu um samskipti og menningu vinnu- staða og bjóða hand- leiðslu eða samtöl eftir því sem við á í kjölfar erfiðra mála.

óæskileg samskipti og neikvæða hegðun á vinnustað er að hafa skýr samskiptaviðmið, samskiptagildi eða sáttmála sem er nokkurs konar leiðarvisir í samskiptum. Yfirleitt er samskiptasáttmáli mótaður í sam- vinnu starfsfólks og því öflug leið til að efla menningu vinnustaða.

Samkvæmt reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum þurfa allir vinnustað- ir að hafa stefnu með yfirlýsingu um að slík hegðun er ekki liðin. Þá ber að hvetja starfsfólk til að láta vita og hafa viðbragðsáætlun með skil- greindum ferli til staðar sem farið er eftir ef grunur er um mál eða þau staðfest.

Viðbragðsáætlun þarf að fela í sér skýrar upplýsingar um hvert og hvernig má láta vita af málum og í hvaða farveg þau fara. Ekki er nauðsynlegt að tilkynna skriflega um mál þar sem stjórnendum ber að skoða öll mál hvort sem þau hafa verið tilkynnt formlega eða grunur sé um ósæmilega hegðun.

Mikilvægt er að skrá niður allt sem tengist meðferð máls og halda hlutadeigandi aðilum upplýstum um gang mála að teknu tilliti til laga

um persónuvernd og meðferð per- sónuupplýsinga. Þetta þarf að koma fram í viðbragðsáætluninni. Eins þurfa viðkomandi aðilar að vera upplýstir þegar atvinnurekandinn lítur svo á að máli sé lokið af hans hálfu. Þá er mikilvægt að bjóða þol- endum stuðning og gerendum við- eigandi leiðsögn.

Liður í forvörnum er að hafa reglulega fræðslu um samskipti og menningu vinnustaða og bjóða handleiðslu eða samtöl eftir því sem við á í kjölfar erfiðra mála. Eftir að mál koma upp þarf að endurskoða áhættumatið til að meta stöðuna á samskiptum og liðan fólks og upp- færa úrbótaáætlun til að fyrirbyggja sambærileg atvik.

Hafa ber í huga að stjórnendur geta þurft fræðslu og þjálfun í að takast á við erfið samskiptamál á vinnustöðum og veita stuðning og leiðsögn í að efla menningu vinnu- staða. ■

KRÓNAN

Pssst ... Er súr stemming heima?

Gerðu hana
ennþá súrari
með súrmat...
Þorir þú?

f i g Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Lett-tak þakeiningar Protan þakdúkar

Kíma ehf.

Sími 618 18 36 kima@kimachf.is



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,
Haraldur Haraldsson

lést þann 4. janúar sl.
á hjúkrunarheimilinu Grund.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Margrét Sif Haraldsdóttir
Haraldur Haraldsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Guðrún Zophoníasdóttir

lést aðfaranótt 26. desember 2021.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

Agnes Þórhallsdóttir
Anna Þórhallsdóttir
Zophonías M. Þórhalls

Gunnar Bjarnason
Hallgrímur G. Sigurðsson
Ingi Rafn Hauksson
ömmu- og langömmubörn.



Elskulegur bróðir okkar,
mágur og frændi,
Sveinbjörn Ásgrímsson

Sólvangsvegi 2,
(áður Móabará 4, Hafnarfirði)

lést 27. desember á Landspítalanum.
Þökkum starfsfólki á Akurgerði,
Sólvangi, fyrir hlýju og góða umönnun.

Í ljósi aðstæðna hefur útförin farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd fjölskyldu hins látna,
Sóley Björk Ásgrímsdóttir
Guðrún Jóna Ásgrímsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI



